

44

19. júní

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fyrsti dráttur fara fram í marz mánuði 1934.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

45

19. júní

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að flytja inn nautgripi af brezku holdakyni.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að láta flytja inn nautgripi af brezku holdakyni, til hreinræktar og blendingsræktar hér á landi.

Kaupverð gripanna og annar kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Framkvæmd laganna og öll mál, sem standa í sambandi við þau, heyra undir atvinnumálaráðherra í samráði við Búnaðarfélag Íslands, rannsóknarstofu atvinnuveganna og dýralækna landsins, einkum dýralækninn í Reykjavík.

2. gr.

Vilji ríkisstjórnin nota heimild þá, sem henni er veitt í 1. gr., til innflutnings nautgripa, skal hún leita álits Búnaðarfélags Íslands um það, hvert eða hver kyn skal flytja inn, og má þá eigi flytja inn önnur kyn en þau, sem það mælir með.

3. gr.

Nú eru nautgripir fluttir inn í landið samkvæmt heimild í lögum þessum, og gilda þá, eftir því sem við getur átt, öll hin sömu ákvæði um heilbrigði hinna innfluttu gripa, einangrun og sóttvarnir, sem sett eru í lögum nr. 27 8. sept. 1931, svo og ákvæði þeirra laga um brot og sektir.

4. gr.

45

Nánari fyriræli um framkvæmd laga þessara setur atvinnumálaráðherra með reglugerð. 19. júní

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Dorsteinn Briem.

L Ö G

46

19. júní

um viðauka við lög um veð, nr. 18 4. nóv. 1887, og um lög um viðauka við þau lög, nr. 34 31. maí 1927.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 34 31. maí 1927 (4. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887) komi: Ákvæði 89. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878, gilda eigi um veðrétt þennan, að undanteknum kröfum þeim, er um ræðir í 3. og 5. lið 83. greinar þeirra laga.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887 komi:

Svo er og þeim, er veðsetur skrásett skip, rétt að semja svo um, að skipinu skuli, auk venjulegs fylgifjár, fylgja aðrir lausafjármunir, sem ætlaðir eru til